

Reykjavík 2. október 2023

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefnadasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Vinnustaðanámssjóður í fjárlagafrumvarpi 2024

Það var mikið framfaraskref þegar Vinnustaðanámssjóður var settur á laggirnar til að styðja við fyrirtæki sem taka nema á samning í vinnustaða nám. Með því fólst líka viðurkenning á mikilvægi vinnustaðnámsins sem hluti af heildarnámi nema í iðnnámi. Hæst náði framlag fyrir vikuna tæpum 19.500kr. Hingað til hefur það framlag verið talið lágt og efni stæðu til að gera betur.

Með tilkomu rafrænnar ferilbókar tók skólakerfið yfir ábyrgð á vinnustaðanámi nema. Nemar geta því þurft að færa sig á milli vinnustaða til að fylla út ferilbókina en því fylgir ákveðinn kostnaður sem fellur á rafverktakann og því ekki óeðlilegt að farið sé á hærra fjárframlag með hverjum nema.

Umsóknnum í sjóðinn hefur fjölgað jafnt og þétt þannig að við seinustu úthlutun var upphæðin komin niður í tæpar 7.800.kr. fyrir vikuna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um „Starfsmenntun á framhaldsskólastigi“ frá apríl 2017 kemur fram að framlög ríkisins til sjóðsins urðu varanleg frá og með fjárlögum 2015 og voru hækkuð varanlega í fjárlögum ársins 2016. Í fjárlögum ársins 2017 stóðu þau í 245 m.kr. en í núverandi fjárlagafrumvarpi er framlag til sjóðsins 242,6 m.kr.

Stjórn RAFMENNTAR hvetur fjárlaganefnd til að taka undir orð Ríkisendurskoðunar sem eru; „Að mati Ríkisendurskoðunar er sjóðurinn öflugt tæki sem nýta mætti á markvissan hátt til að styrkja starfsmenntun“ með aukinni fjárveitingu til sjóðsins og þannig styðja við möguleika stórra og smárra fyrirtækja að fjölga nemendum í vinnustaðanámi.

Virðingarfyllt

Þór Pálsson
FRAMMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins
Framkvæmdastjóri